



Reykjavík, 28. nóvember 2024  
MSS24060082

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

***Beiðni um frest til að veita umsögn um drög að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025-2027***

Drög að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025-2027, dags. 13. nóvember 2024, voru lögð fram til kynningar á fundi velferðarráðs 20. nóvember sl. Velferðarráð lagði fram bókun þess efnis að velferðarsviði sé falið að gera drög að umsögn velferðarráðs um framlögð drög að aðgerðaáætluninni.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa kynnti málið til samráðs 15. nóvember sl. og var gefinn álitstrestur til og með 27. nóvember 2024. Ekki reyndist unnt að afgreiða umsögn velferðarráðs innan þessa frests, en lögð er rík áhersla á að kjörnir fulltrúar í velferðarráði fái að láta í ljós álit á málinu í formi umsagnar.

Hér með er óskað eftir fresti fram yfir fund velferðarráðs 4. desember nk. til að skila inn umsögn ráðsins um drög að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025-2027.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir  
sviðsstjóri velferðarsviðs



**Reykjavík**